



## Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

### Fundargerð

Fundur í stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs., haldinn mánudaginn 24.03.2025 kl. 11:00 í fjarfundi.

Á fundinn voru mætt Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps, Þorgeir Pálsson sveitarstjóri Strandabyggðar og Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri Dalabyggðar sem ritaði fundargerð.

Auk ofangreindra sátu þeir Bjarni Höskuldsson og Ingvar Gýgjar Sigurðarson starfsmenn HMS fundinn framan af.

### Dagskrá:

#### 1. Endurskoðun á starfsemi byggðasamlagsins

Bjarni og Ingvar sátu fundinn undir þessum lið.

Á fundi fulltrúa sveitarfélaganna þriggja sem um ræðir í samstarfinu sem haldinn var að Reykhólum 18. febrúar sl. var samþykkt að hefja endurskoðun á samstarfi því og vísað til 19.gr. stofnsamþykktta samlagsins.

Farið var yfir mögulega valkosti hvað varðar samstarf einstakra sveitarfélaga hvað varðar brunavarnir og rekstur slökkviliða, hvort sem um stök lið er að ræða eða samrekstur. Samþykkt að setja upp sviðsmyndir og vinna málið áfram með aðkomu fulltrúa HMS að einstaka þáttum vinnunnar. Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir í lok maí 2025.

#### 2. Starfsemi BDSR árið 2025

Samþykkt tímabundin ráðning tveggja vaktstjóra í sitt hvora 25% stöðuna, um er að ræða fyrst í stað a.m.k. ráðning frá 1. apríl 2025 til 30. september 2025.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn þann 28. apríl 2025 í fjarfundi.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 10:45

BP ritaði fundargerð